

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Grjóthólsbraut í landi Öndverðarness.*  
Í deiliskipulaginu felst að á 12 ha svæði er gert ráð fyrir 17 frístundahúsalóðum þar sem heimilt er að reisa 150 m<sup>2</sup> frístundahús ásamt 40 m<sup>2</sup> aukahúsi. Hámarkshæð húsa er 6 m og hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. apríl 2009.
2. *Deiliskipulag útilífsmiðstöðvar skáta í landi Úlfjótsvatns.*  
Í deiliskipulaginu felst að á 1,3 ha svæði er gert ráð fyrir þremur byggingarreitum fyrir aðflutt hús til viðbótar við núverandi hús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. nóvember 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 30. september 2009.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2009